

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

31. maí 2019
UST201905-325/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Göngubrú við Kollumúla

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 24. maí 2019, um leyfi til framkvæmda í Lónsöræfum.

Lónsöræfi eru friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða endurbyggingu göngubrúar yfir Jökulsá í Lóni við Kollumúla en eldri brú sem var þar fyrir hrundi fyrir í vetur. Nýja brúin er reist á grunni þeirra eldri. Reistir voru landstöplar sitthvoru megin við brúna. Að sunnanverðu var steipt ný kápa utan um núverandi landstöpul og hann hækkaður. Hæð hans verður ca 3,17 metrar. Núverandi norðurstöðull var fjarlægður og nýr steiptur aðeins ofar. Hæð hans var ca 0,9 metrar. Brúin er hengibrú úr stáli og timbri. ca 28 metra löng milli landstólpa og 1,4 metra breið. Brúargólf er út timbri en handrið úr vírum. Brúin er fest með tveimur burðarköpplum sitthvoru megin við ána auk tveggja hliðarstaga við sitthvorn endann. Burðarkapplar og hliðarstög eru fest með bergboltum. Nákvæm bergfestinga var ákveðin á staðnum af hönnuði. Verkinu er skipt í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga sem fór fram 6.-19. maí voru undirstöður reistar og festur gerðar klárar. Í seinni áfanga sem ráðgert er að farið verði í 27. maí til 20. júní verður farið í stálvirki, gólf og landbrú. Að verkinu koma 7-9 starfsmenn. Efniviður í brúnna og þau tæki sem þarf til verksins eru flutt akandi eftir gljúfrinu og á áreyrum Jökulsár þegar lítið er ánni. Ef ekki reynist unnt að flytja efnivið sem þarf í lokaáfangan landleiðina verður fengin þyrila til að ferja hann. Útbúið var lagersvæði á áreyrum Jökulsár sem mun skolast í burtu í næsta flóði.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulsþjóðgarðs, sem fer með daglega umsjón svæðisins fyrir hönd Umhverfisstofnunar, þann 26. maí 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs barst þann 29. maí 2019. Í umsögninni kemur fram að Vatnajökulsþjóðgarður gerir ekki athugasemd við að farið sé í endurgerð brúarinnar. Þjóðgarðurinn leggur til að teknar verði myndir af brúarstæðinu og næsta nágrenni á framkvæmdartíma og við lok framkvæmdanna þannig að til séu gögn til að meta hver ummerki framkvæmdana verða að ári liðnu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa neikvæð áhrif á svæðið rétt á meðan framkvæmdir standa yfir en til lengri tíma mun framkvæmdin verða svæðinu til bóta. Óhjákvæmilega fylgir framkvæmdinni jarðrask og truflun fyrir gesti svæðisins sem þarna eiga leið um. Á móti kemur að eldri brú sem fyrir var á svæðinu er ónýtt og því eiga göngumenn ekki greiða leið um svæðið á meðan áin er óbrúuð svo líklegt verður að teljast að færri gestir en ella heimsæki svæði á framkvæmdartímanum sem myndi draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Brúin gegnir mikilvægu öryggishlutverki á svæðinu og er forsenda þess að gestir geti heimsótt svæðið með öruggum hætti. Vegur það á móti þeim neikvæðu áhrifum sem jarðrask vegna framkvæmdana hefur. Mikilvægt er þó að gengið verði frá svæðinu þannig að framkvæmdum loknum að öll ummerki um þær séu fjarlægðar eins og kostur er.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurbyggingu göngubrúar yfir Jökulsá í Lóni innan friðlandsins Lónsöræfi sbr. lýsingu hér til loka júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær framkvæmdum lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Halda skal raski á jarðmyndunum og akstri stórvirkra vinnuvéla utan vegar í lágmarki.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Allur akstur utan áreyra Jökulsár í Lóni og framkvæmdarsvæðis er bannaður. Halda skal þeim akstri sem heimilaður er utan vegar á áreyrum Jökulsár og framkvæmdarsvæðinu í lágmarki. Hafi myndast slóðar eftir utanvegaakstur vinnuvéla skal afmá þá slóða.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og skal ganga frá svæðinu í eins náttúrulegu ástandi og kostur er. Fjarlægja skal augljós ummerki jarðrasks við brúarstæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að farga úrgangi vegna framkvæmdarinnar innan friðlandsins og skal hann fluttur úr friðlandinu eigi síðar en framkvæmdum lýkur til förgunar á viðurkenndri endurvinnslustöð/urðunarstað.
- Taka skal myndir af brúarstæðinu og næsta nágrenni þegar framkvæmdum er lokið svo hægt sé að meta hvernig svæðið lítur út síðar eftir að leysingar hafa farið um svæðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun fara í eftirlit að framkvæmdum loknum til að kanna frágang á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur